Reykjavík, 17. desember 2021
Fundargerð 233. stjórnarfundar SHS
41. fundur framkvæmdaráðs AHS

Tilvísun: 2101002

Föstudaginn 17. desember var haldinn 233. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., sem jafnframt var 41. fundur framkvæmdaráðs AHS. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 08:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Undir málefnum framkvæmdaráðs almannavarnanefndar sat fundinn Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almanna-varnanefndar höfuðborgarsvæðisins og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson formaður.
Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

Málefni framkvæmdaráðs AHS

1. Bólusetningar barna

Rætt um undirbúning bólusetninga barna 5 – 11 ára sem hefjast eftir áramót og AHS tekur þátt í skipulagningu á.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Áramótabrennur

Umræða um áramótabrennur m.t.t. sóttvarna og mögulegra hópamyndana kringum þær.

Afgreiðsla: Ekki verða áramótabrennur á höfuðborgarsvæðinu í ár m.t.t. sóttvarna.

Kl. 08:43. Halla Bergþóra yfirgaf fundinn.

3. Flugeldasýningar

Umræða um flugeldasýningar m.t.t. sóttvarna og mögulegra hópamyndana kringum þær.

Afgreiðsla: Flugeldasýningar kalla ekki á sömu hópamyndun og áramótabrennur, hægt er að horfa á þær úr fjarlægð. Þær verða því leyfðar.

4. Óvissustig AVD vegna log4j veikleikans

Ríkislögreglustjóri hefur í samráði við netöryggissveit CERT-IS og Fjarskiptastofu lýst yfir óvissustigi vegna log4j veikleika í algengum hugbúnaði sem innviðum getur stafað hætta af. Farið yfir stöðu mála.

Eftirfarandi lagt fram:

- Fréttatilkynning AVD – Stöðumat á óvissustigi vegna log4j veikleikans, dags. 15. desember 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Önnur mál FAHS

Engin önnur mál.

Málefni SHS

1. Álagsgreiðslur

Farið yfir svar heilbrigðisráðuneytis vegna álagsgreiðslna til starfsfólks SHS vegna framlínustarfa í COVID-19 faraldrinum og nýtt erindi SHS til ráðherra vegna málsins.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf heilbrigðisráðherra – Álagsgreiðslur til heilbrigðisstarfsfólks, dags. 11. nóvember 2021.
- Bréf SHS – Álagsgreiðslur til heilbrigðisstarfsfólks, dags. 15. desember 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Samningaviðræður vegna sjúkraflutninga

Gerð grein fyrir stöðu mála í viðræðum við Sjúkratryggingar Íslands vegna samnings um rekstur sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu.

Eftirfarandi lagt fram:

- Viðræðuáætlun vegna samnings SÍ og SHS um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 15. desember 2021.
- Fjögur mikilvæg atriði áfanga 1 í viðræðuáætlun SÍ og SHS um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu, ódags.

Afgreiðsla: Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins samþykkir viðbótarframlengingu samnings SÍ og SHS um rekstur sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu til janúarloka 2022 en þá mun nýr samningur liggja fyrir skv. viðræðuáætlun.

4. Önnur mál SHS

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 09:05.

Næsti fundur er áætlaður 21. janúar.

f.h. Reykjavíkurborgar, Dagur B. Eggertsson	f.h. Kópavogsbæjar, Ármann Kr. Ólafsson	f.h. Hafnarfjarðar, Rósa Guðbjartsdóttir
f.h. Garðabæjar, Gunnar Einarsson	f.h. Mosfellsbæjar, Haraldur Sverrisson	f.h. Seltjarnarnesbæjar, Ásgerður Halldórsdóttir

Rafrænar undirritanir eru á öftustu síðu.

Fylgiskjöl:

FAHS:

- Fréttatilkynning AVD – Stöðumat á óvissustigi vegna log4j veikleikans, dags. 15. desember 2021.

SHS:

- Bréf heilbrigðisráðherra – Álagsgreiðslur til heilbrigðisstarfsfólks, dags. 11. nóvember 2021.
- Bréf SHS – Álagsgreiðslur til heilbrigðisstarfsfólks, dags. 15. desember 2021.
- Viðræðuáætlun vegna samnings SÍ og SHS um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 15. desember 2021.
- Fjögur mikilvæg atriði áfanga 1 í viðræðuáætlun SÍ og SHS um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu, ódags.

Undirritunarsíða

f.h. Reykjavíkurborgar
Dagur B Eggertsson

Undirritað af:
Dagur B Eggertsson
1906725739
Dags: 17.12.2021
Tími: 11:09:08
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ffb861b5-364a-48e1-b7ee-5b7ecb0ada63

f.h. Mosfellsbæjar
Haraldur Sverrisson

Undirritað af:
Haraldur Sverrisson
1412617119
Dags: 20.12.2021
Tími: 12:55:39
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ffb861b5-364a-48e1-b7ee-5b7ecb0ada63

f.h. Seltjarnarness
Ásgerður Halldórsdóttir

Undirritað af:
Ásgerður Halldórsdóttir
0606565929
Dags: 17.12.2021
Tími: 11:10:49
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ffb861b5-364a-48e1-b7ee-5b7ecb0ada63

f.h. Hafnarfjarðar
Rósa Guðbjartsdóttir

Undirritað af:
Rósa Guðbjartsdóttir
2911653899
Dags: 17.12.2021
Tími: 16:41:24
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ffb861b5-364a-48e1-b7ee-5b7ecb0ada63

f.h. Kópavogsbæjar
Ármann Kristinn Ólafsson

Undirritað af:
Ármann Kristinn Ólafsson
1707665049
Dags: 17.12.2021
Tími: 11:43:14
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ffb861b5-364a-48e1-b7ee-5b7ecb0ada63

f.h. Garðabæjar
Gunnar Einarsson

Undirritað af:
Gunnar Einarsson
2505554079
Dags: 19.01.2022
Tími: 15:23:58
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ffb861b5-364a-48e1-b7ee-5b7ecb0ada63